

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar (LP) um frumvarp til laga um útlendinga (Þingskjal 1180 – 728. mál).

Þegar vopnuð átök eiga sér stað hvílir sú skylda á þeim sem þátt taka í þeim að gera það sem í þeirra valdi stendur til að hlífa óbreyttum borgurum við skaðlegum afleiðingum atakanna. Þessi skylda er grundvallarþáttur í alþjóðlegum mannúðarlögum, s.s. í Genfarsamningunum frá 1949.

Þá er alþjóðlega viðurkennt að tilteknir hópar fólks eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir skaðlegum afleiðingum vopnaðra átaka og náttúruhamfara og hefur alþjóðasamfélagið staðfest það og skuldbundið sig til að taka sérstakt tillit til þess í ýmsum mannúðar- og mannréttindasamningum.

Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og undirbúa nú íslensk stjórnvöld fullgildingu samningsins með því að tryggja að lög, reglur og stjórnsýsluframkvæmd samræmist ákvæðum samningsins og þeim kröfum sem þar eru gerðar. Í 11. gr. samningsins er kveðið á um skyldur ríkja til að huga sérstaklega að þörfum, og vernd fatlaðs fólks við „aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð.“ Greinin hljóðar svo:

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, þar með talið alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja að fatlað fólk njóti verndar og öryggis þegar hættuástand ríkir, að meðtöldum vopnuðum átökum, neyðarástandi sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamförum.

Reynslan sýnir að þegar fólk flýr náttúruhamfarir eða stríðsátök er mikil hættu á að fatlað fólk sé skilið eftir eða verði útilokað frá eða geti af öðrum ástæðum ekki nálgast þá aðstoð sem veitt er flóttafólki. Þá verður það við þessar aðstæður sérstaklega berskjaldað fyrir ofbeldi og misnotkun af ýmsu tagi. Fatlað fólk, sem missir aðstandendur sína eða verður viðskila við þá vegna náttúruhamfara eða á stríðstímum, verður mjög oft félagslega einangrað og án nauðsynlegs lágmarksstuðnings. Það er því ekki nokkur vafi á að fatlað fólk er enn varnarlausara, og vanræktara við þær aðstæður en endranær og þá er fatlað fólk sem þarf að flýja heimili sín vegna stríðsátaka eða af öðrum ástæðum enn þá berskjaldaðara en flóttafólk almennt.

Þá vekja samtökin í þessu saabandi athygli á sérstökum skyldum ríkja til að vernda fötluð börn samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013.

Landssamtökin Þroskahjálpar vilja vekja athygli allsherjar- og menntamálanefndar á því sem að framan er rakið og hvetur til að sérstaklega verði hugað að framangreindum alþjóðlegum skyldum ríkja til að taka sérstakt tillit til þarfa fatlaðs fólks fyrir vernd og stuðning við meðferð frumvarpsins og við alla lagasetningu sem varðar málefni flóttafólks.

Þá telja samtökin rétt og skylt að stjórnvöld hugi sérstaklega að aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks og alveg sérstaklega þörf fatlaðra barna fyrir vernd og stuðning við alla reglusetningu, undirbúning og framkvæmd þegar hópar flóttafólks koma til landsins í boði stjórnvalda

4. maí 2016.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri landssamtakanna Þroskahjálpar.